

Minnisblað sveitarstjóra v/ársreiknings 2025

Kynnt á 268. fundi sveitarstjórnar við seinni umræðu 16. apríl 2026

Ársreikningur Dalabyggðar 2025 var samþykktur við seinni umræðu á 268. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var fimmtudaginn 16. apríl 2026 og eftirfarandi bókað:

Rekstrartekjur Dalabyggðar á árinu 2025 námu 1.468 millj.kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.364 millj.kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,50% í A-flokk en lögbundið hámark þess flokks er 0,625%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,50% en lögbundið hámark þess flokks er 1,65%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 87 millj.kr., rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 29 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2025 nam 1.190 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 992 millj.kr.

Þau atriði sem tóku breytingum á milli umræðna um ársreikning 2025 eru eftirfarandi:


- Lækkun kostnaðar í málaflokki 21 vegna sérfræðipjónustu tengdri kosningu um sameiningusveitarfélaga sem lækkar um 8,0 millj.kr.
- Hlutdeild minnihluta í afkomu hækkar um 13,2 millj.kr. vegna hlutdeildar minnihlutaeigenda Dalagistingar.
- Gjaldfærður tekjuskattur nemur 7,8 millj.kr. vegna reiknaðs tekjuskatts af afkomu Dalagistingar ehf.

Megin frávík sem eru á niðurstöðu ársreiknings ársins 2025 á móti fjárhagsáætlun liggur í öðrum rekstrarkostnaði. Þar var munar um 60 millj.kr. sem er í raun bein afleiðing þess að ríkisvaldið greiddi einungis 80% af þeirri upphæð sem Dalabyggð hafði lagt út vegna sértækra barnaverndarmála. Gert hafði verið ráð fyrir því að ríkið kæmi að fullu inn í málaflokkinn 1.júní 2025 en við uppgjör um síðustu áramót skiluðu sér einungis 80% eins og áður sagði og sú skýring sem fékkst er að ekki hefði verið gert ráð fyrir hærri framlagi í áætlunum ríkisvaldsins þannig að sveitarfélögin sem um ræðir að í þessari stöðu voru þurftu að axla þann mismun – enn ein birtingarmynd meðferðar ríkisvaldsins á sveitarfélögunum þegar kemur að umsjón málaflokka og skiptingu fjármagns. Dalabyggð hefur mótmælt þessu kröftuglega en ekki orðið ágengt.

Lífeyrisskuldbinding hækkaði um 31,2 millj.kr. milli ára en gert var ráð fyrir 15, millj.kr. hækkun og hefur það áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, líkt og síendurtekna breytingar á þessum lið hafa gert undanfarin ár.

Niðurstaða ársreiknings Dalabyggðar og þ.m.t. framlegðartölur fyrir árið 2025 ber þessa skýr merki en að öðru leiti eru áætlanir að ganga eftir og sýna vissan aga í rekstri sbr. launaáætlun og á næstu misserum og árum er afar mikilvægt að það verði megin áherslan í rekstri sveitarfélagsins.


Hér má sjá myndrænt áætlun varðandi stöðu og þróun skuldaviðmiðs þegar lántaka vegna framkvæmda við íþróttamannvirki er komin til:



Áætlaðar afborganir vegna A- og B-hluta m.v. núverandi stöðu lánasafns Dalabyggðar eru eftirfarandi á næstu árum (lántaka vegna íþróttamannvirkja kominn inn):

Afborganir af skuldum við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:	A hluti	A og B hluti
Árið 2026.....	68.872	76.862
Árið 2027.....	68.872	77.022
Árið 2028.....	68.872	77.186
Árið 2029.....	68.872	77.354
Árið 2030.....	68.872	77.526
Síðar	761.760	798.942
Skuldir við lánastofnanir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>1.106.121</u>	<u>1.184.892</u>

Framlegðarhlutfall sem er mælikvarði sem horft er til í æ ríkara mæli lítur svona út skv. tölugögnum frá endurskoðanda:



Rekstur A hluta samstæðu Dalabyggðar byggir á vissan hátt á traustum grunni eins og hann er í dag þó viðkvæmur sé og þolmörk ekki mikil gagnvart óvæntum útgjöldum.

Á sínum tíma var brugðist við af festu gagnvart þeim þáttum sem nefndir voru við afgreiðslu ársreiknings Dalabyggðar á fyrsta ári yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar árið 2022 hvað varðar B-hluta stofnanir og má þar helst nefna rekstur Silfurtúns, Dalaveitna (ljósleiðarahluta) og félagslegs húsnæðis. Með þeim aðgerðum sem farið var í tókst að stöðva „blæðingu“ úr sjóðum Dalabyggðar um sem nam allt að 45 millj.kr. árlega á verðlagi þess tíma og treystu þessar aðgerðir rekstrargrundvöll sveitarstjóðs Dalabyggðar til framtíðar sem því nemur. Einnig er það léttir að ríkisvaldið hefur loks tekið

yfir málefni barna með sértækan vanda frá og með síðustu áramótum, seinna en vonir stóðu til eins og sjá má á rekstrarútkomu ársins 2025 og reifað er hér að ofan. Til viðbótar er rétt að nefna að létt hefur verið á eignasafni sveitarfélagsins á yfirstandandi kjörtímabili.

Þær aðgerðir og sá árangur sem hefur náðst í uppbyggingu, rekstri og starfsemi Dalabyggðar á undanförnum misserum og árum gerist ekki af sjálfu sér. Er sveitarstjórn og starfsfólki Dalabyggðar þakkað fyrir samstarfið í kringum allar þær aðgerðir sem farið hefur verið í sem og fyrir afar gott samstarf á kjörtímabilinu sem nú er senn á enda.

Búðardal 16. apríl 2026

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri